

**487. fundur Hreppsnefndar Tálknafjarðarhrepps haldinn Miðtúni 1,
Tálknafirði, þriðjudaginn 23. júní 2015
og hófst hann kl. 17:00.**

Fundinn sátu:

Indriði Indriðason (II) formaður, Kristinn Hilmar Marinósson aðalmaður, Eva Dögg Jóhannesdóttir aðalmaður, Jón Örn Pálsson aðalmaður, Ásgeir Jónsson (ÁJ) Aðalmaður og Ása Jónsdóttir (ÁJ) Ritari.

Fundargerð ritaði: Ása Jónsdóttir, ritari

Oddviti kannaði lögmæti fundarboðunar. Engar athugasemdir eru gerðar og skoðast því fundurinn lögmætur.

Oddviti óskaði eftir afbrigði við dagskrá að við bætist nýr liður, Tilnefning í samráðvettvang Sónarátætlunar Vestfjarða, og verður sá liður aftastur á dagskrá.

Samþykkt samhljóða

Dagskrá:

- 1. 1505049 - Ársfundur NAVE- fundargerð**
Til kynningar.
- 2. 1505045 - Fundargerð heildbrigðisnefndar 17. apríl 2015**
Til kynningar.
- 3. 1505047 - Aðalfundur Landskerfis bókasafna hf. 2015**
Til kynningar.
- 4. 1505044 - Ársfundur Starfsendurhæfingar Vestfjarða**
Til kynningar.
- 5. 1506034 - Fundargerð 826. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.**
Til kynningar.
- 6. 1506035 - Fundargerð 827. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.**
Til kynningar.
- 7. 1506036 - Fundargerð 828. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.**
Til kynningar.
- 8. 1506037 - Fundargerð stjórnar Fjórðungssambands Vestfirðinga frá**

8. júní.

Til kynningar.

9. 1506003F - Byggingar-,skipulags- og umhverfisnefnd - 10

Tekin er til afgreiðslu fundargerð Byggingar-, skipulags og umhverfisnefndar frá 8. júní.

9.1. 1404020 - Deiliskipulag hafnarsvæðis Tálknafirði

Tekin fyrir tillaga að breytingu á deiliskipulagi Tálknafjarðarhafnar. Breytingin felur í sér að felld er út lóð Strandgötu 31 og lóð Strandgötu 29 er stækkuð úr 4227 m² í 6938 m².

Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd samþykkir með tilvísan í 44 grein skipulagslaga nr. 123/2010 að grenndarkynna framlagða tillögu fyrir lóðarhöfum Strandgötu 37 og Strandgötu 27. Samþykkt samhljóða

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu Byggingar- skipulags og umhverfisnefndar. Samþykkt samhljóða.

10. 1505008F - Atvinnu- og hafnarnefnd - 7

Fundargerðin staðfest með fjórum JÖP vék af fundi við afgreiðslu málsins.

11. 1505043 - Umsókn um leyfi til hundahalds

Umsóknin er samþykkt, og er umsækjandi hvattur til að kynna sér reglur um hundahald í Tálknafirði. Ef um fjölbýlishús er að ræða þarf að liggja fyrir samþykki allra íbúa hússins, að því uppfylltu þá verður leyfið veitt. Samþykkt samhljóða .

12. 1311042 - Niðurfelling á endurgreiðsluskyldu á Jarðhitaláni.

Sveitarstjóra falið að vinna málið áfram. Samþykkt samhljóða.

13. 1506040 - Drög að reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga.

Sveitarstjórn Tálknafjarðarhrepps gerir ekki athugasemdir við drög að reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga. Samþykkt samhljóða.

14. 1506038 - Umsögn Fjórðungssambands Vestfirðinga um Samgönguáætlun 2015-2018. ásamt viðaukum.

Sveitarstjórn fagnar samgönguáætlun en bendir á að sveitarfélögin eru umsagnaraðilar vegna framkvæmda í héraði og ber samgöngunefnd að virða það og kalla þau að borðinu. Samþykkt samhljóða.

15. 1506039 - Boð á 60.Fjóðrungsþing Vestfirðinga þann 3-4 október 2015.

Til kynningar.

16. 1403033 - Úttekt á sundlaug.

Lögð fram til kynningar útboðslýsing á sundlaug og sveitarstjóra falið að vinna málið áfram.
Samþykkt samhljóða.

17. 1506041 - Neyðaráætlun fyrir sundlaug Tálknafjarðarhrepps.

Áætlunin samþykkt samhljóða.

18. 1506042 - Samningur Tálknafjarðarhrepps og Hjallastefnunar ehf.

Sveitarstjóra falið að leggja undirritaðan samning fyrir sveitarstjórn til samþykktar á næsta fundi.
Samþykkt samhljóða.

19. 1309110 - Upplýsingagjöf sveitarstjóra.

Sveitarstjóri gerði grein fyrir helstu framkvæmdum sem eru á döfinni.
Næsti fundur sveitarstjórnar verður þann 18. ágúst nk.

20. 1507007 - Tilnefning í samráðsvettvang Sónaráætlunar Vestfjarða.

Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að gera tillögu um fulltrúa Tálknafjarðarhrepps í samráðsvettvangnum í samræmi við umræður á fundinum.
Samþykkt samhljóða

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 19:48.
